

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

Föstudagurinn 6. nóvember 2015

Fundur settur 15.00.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Mættir; Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Hrafnkell Lárusson, Bjarkey Gunnarsdóttir, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Una Hildardóttir, Benóný Harðarson, Jakob S. Jónsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Edward H. Huijbens. Áheyrnarfulltrúar EVG; Þóra Elfa Björnsson, UVG; Stefán Elí Gunnarsson, Sveitarstjórnarráð; Sóley Björk Stefánsdóttir. F.h Starfsmanna; Daníel Haukur Arnarson og Lísía Kristjánsdóttir.



1. Fundargerð síðasta stórnarfundar – lögð fram og samþykkt.
2. Landsfundur VG – Katrín Jakobsdóttir hóf umræður um nýafstaðin landsfund hreyfingarinnar. Eftirfarandi skjöl lögð fram og þau rædd.
 - a. Uppgjör landsfundar– lagt fram. Umræður um uppgjörið en kostnaður við landsfund var undir rekstaráætlun. Rætt um ferðakostnað félaga sem langt koma að og kostnað félaga við að sækja landsfund.
 - b. Skýrsla – Lísía Kristjánsdóttir kynnti drög að skýrslu um framkvæmd landsfundar, umræður um hana. Óskað eftir athugasemdum frá landsfundargestum og stjórnarmönnum. Lokadrög verðavkynnt fyrir stjórn þegar þau liggja fyrir.
 - c. Landsfundargerð – fundargerð nýafstaðins landsfundar lögð fram.
3. Starfsáætlun stjórnar veturinn 2015-2016
 - a. Tímasetning stjórnarfunda - stjórn fundar að jafnaði fyrsta föstudag í hverjum mánuði kl. 15.00. Starfsáætlun, næsta starfsárs verður send út á stjórn þegar hún er tilbúin.
 - b. Flokksráðsfundur – næsti Flokksráðsfundur í janúar eða febrúar 2016. Hugmyndir um að tengja fyrri fund ársins 2016 við afmæli VG í febrúar og að seinni flokksráðsfundur ársins 2016 verði í ágúst/september. Næsti flokksráðsfundur verður helgaður umræðum um lagabreytingar og innra starf hreyfingarinnar. Formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera er falið að koma með tillögur að dagsetningum og staðsetningu fundar fyrir næsta stjórnarfund.

- c. Næsti landsfundur, tímasetning - Katrín óskar eftir umræðu um tímasetningu landsfundar sem verður í byrjun árs 2017 sem er kosningarár. Starfsmönnum falið að finna hentuga staðsetningu fyrir landsfund hreyfingarinnar á sem haldinn verður á höfuðborgarsvæðinu í febrúar/mars 2017.
4. Lögheimilisflutningur á Hallveigarstaði – ný lögheimilisskráning Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs á Hallveigarstaði lögð fram til undirritunar.
5. Tilkynning um nýja stjórn send til Ríkisskattstjóra og Arion Banka – eftirfarandi gögn voru lögð fram til undirritunar stjórnar. Breyting á stjórn til RSK, prófkúrubreyting á reikning til Arion Banka og tilkynningu á breytingu stjórnar til Arion Banka.
6. Úthringingar til félaga og vinna við félagatal – Líska og Daníel munu hefja undirbúning að úthringingum í félagatal Vinstri grænna í samráði við formenn svæðisfélaga. Uppfæra þarf upplýsingar um félagsmenn m.a fyrir póstlista hreyfingarinnar.
7. Nýr lýðræðisvettvangur Betri VG – Rósa Björk Brynjólfsdóttir fer yfir stöðuna um nýjan umræðuvettvang VG. Rætt um framhaldið og hvernig virkja megi umræðurnar þar. Rósa hvetur stjórnarfolk til að taka þátt og vera virk. Daníel, Líska, Rósa Björk, Bjarkey og Sóley Björk skipa stýrihóp verkefnisins meðan það er í mótun.
8. Starfsmannamál – Daníel Haukur og Líska víkja af fundi undir umræðum um þennan lið. Katrín fer yfir stöðuna í starfsmannamálum. Ráðningarsamningur núverandi starfsmanns rennur út 31. desember nk. Stjórn felur formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera að vinna málið áfram og koma með tillögu að nýjum framkvæmdastjóra hreyfingarinnar fyrir næsta stjórnarfund.
9. Önnur mál -
 - Fjármögnun svæðisfélaga - Sóley Björk telur mikilvægt að ræða hvernig tryggja megi fjárveitingar til svæðisfélaga og skipulag á þeim málum.
 - Fjarfundir – Sóley Björk bendir á að við þurfum að bjóða betri aðstöðu fyrir þá sem eru með á stjórnarfundum gegnum síma eða netið.
 - Málþing um efnahagsmál – Katrín kynnir hugmyndir um að hreyfingin standi fyrir málþingi um efnahagsmál.
 - Málþing um loftlagsmál – Álfheiður óskaði eftir að hreyfingin héldi málþing um loftlagsmál.
 - Móttaka nýrra félaga – Sóley Björk og Katrín ræddu um mikilvægi þess að koma móttöku nýrra félaga í formlegri farveg er nú er. Senda nýskráðum félögum bréf til að bjóða þau velkomin í hreyfinguna. Halda nýliðakvöld og virkja þá í starfið.
 - Opnir stjórnarfundir – samþykkt á landsfundi að stjórnarfundir yrðu framvegis opnir. Þeir verða auglýstir á heimasíðu hreyfingarinnar. Hvernig eru fundir boðaðir og með hvaða fyrirvara? Málið verður rætt áfram á næsta fundi stjórnar.

Erindi frá kjördæmisráði Suðurkjördæmis – engin þingmaður í kjördæminu. Ósk um stuðning í aðdraganda næstu alþingiskosninga.

Ósk frá svæðisfélaginu á Akureyri til að fá styrk frá hreyfingunni til að fá gest á fund. Rætt almennt um styrki til svæðisfélaganna og fjármál þeirra. Ekki fordæmi fyrir því að styrkja einstaka fundi svæðisfélaga um landið.

Smugan – Formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera falið að kanna með hvaða hætti væri hægt að halda léninu www.smugan.is í eigu Vinstri grænna sé ekki fólgin í því mikill tilkostnaður.

Áframhaldandi vinnu málefnaþópa - Formaður og ritari munu funda með hópstjórum málefnaþópa fyrir næsta stjórnarfund og koma með tillögur um áframhaldandi starf málefnaþópa fram að landsfundi 2017.

Fundur Modern European Left verður haldinn í Reykjavík 27-28 febrúar, nánar kynnt án æsta stjórnarfundi.

Sveitarstjórnarmálin – Katrín og Sóley Björk ræddu um hvernig mætti efla vægi sveitarstjórnarstigsins í starfi hreyfingarinnar

Fundi slitið kl.18.00